

GJALDSKRÁ

um fráveitugjald á Akureyri.

1. gr.

Fráveitugjald.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins. Eigendur fasteigna, sem ekki eiga þess kost að tengja fráræsi húseigna sinna við fráveitu bæjarins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa.

3. gr.

Hundraðshluti fráveitugjalds af álagningarstofni.

Af öllum fasteignum, sem eru fráveitugjaldskyldar samkvæmt 1. gr., skal greiða fráveitugjald, sem nemur 0.18% af álagningarstofni samkvæmt 2. gr. Fráveitugjald skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð, að viðbættum 0.18% af álagningarstofni lóðar.

Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði
Iðnaðarhúsnæði
Verslunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar

minnst 10.76 kr/m³ en mest 12.92 kr/m³
minnst 12.92 kr/m³ en mest 15.50 kr/m³
minnst 15.50 kr/m³ en mest 18.60 kr/m³
minnst 18.60 kr/m³ en mest 22.32 kr/m³

Lágmarks- og hámarksgjöld á rúmmetra, samkvæmt þessari grein, breytast árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamat snefnadar um framreikningsstuðul á fasteignamati íbúðarhúsnæðis.

4. gr.

Um gjalddaga.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu fráveitugjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

5. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalds.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá þessari. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri nr. 59/1972.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.